

Úr bókinni: *A Treatise on White Magic*

ÖNNUR REGLA

Þegar skugginn svarar heldur starfið áfram í djúpri hugleiðslu. Lægra ljósinu er varpað upp; æðra ljósið uppljómar hina þrjá, og starf hinna fjögurra heldur áfram.

Hindranir í dulfræðilegu námi.
Sigrast á hindrununum.

ÖNNUR REGLA

Hindranir í dulfræðilegu námi

Þessi regla er ein sú erfiðasta í bókinni og jafnframt ein sú yfirgripsmesta. Það mun taka okkur nokkurn tíma að fjalla um hana á réttan hátt. Í henni er að finna athyglisverða útlistun á smáheimslegri samsvörun við stórheiminn. Hægt er að útskýra hana á tvennan hátt í sambandi við ljósið sem minnst er á.

Rætt er um „æðra ljósið“ sem uppljómar hina þrjá og einnig er minnst á að „lægra ljósinu“ sé varpað upp.

„Æðra ljósið“ er ljós sálarinnar. Hún er ljósið sjálft sem lýsir upp raunbirtingu hins þrjúgreinda persónuleika. Hér er að finna samsvörun við stórheiminn sem er táknaður fyrir okkur í Guði, hinu raunbirta ljósi sólkerfisins. Sólkerfið er hinir þrjú í hinum eina eða hinn eini í hinum þrem, og ljós Logossins lýsir upp alla heildina. „Lægra ljósið“ er það ljós sem liggur dulið í manningnum í efnisheiminum. Á sérstöku stigi í reynslu mannsins vaknar þetta ljós um allan efnislíkamann og blandast um síðir hinu „æðra ljósi“. Ljós og líf Guðs sjálfs kann að geisla frá hinni miðlægu andlegu Sól, en það er aðeins þegar ljósið innan sólkerfisins sjálfs vaknar og örvast að fram blossar ljóminn sem er einkennandi fyrir dýrð sólarinnar þegar hún skín í fullum styrk sínum. Ljós sálarinnar getur á sama hátt geislað frá mónadinum, en það er ekki fyrr en ljósið innan hins smáa kerfis (undir stjórn sálarinnar) vaknar og örvast að um síðir stígur fram Guðssonur í allri sinni dýrð.

Í þessu riti munum við þó aðallega fjalla um smáheiminn og ljósið innan hans; við munum ekki fjölyrða um stórheimslegar hliðstæður.

Þegar við athugum aðra regluna sjáum við að meðvitað samband hefur komist á milli sálarinnar og skugga hennar, mannsins á efnissviðinu. *Þau hafa bæði stundað hugleiðslu.* Þetta ættu nemar að hafa í huga, og einnig það, að eitt af markmiðum daglegrar hugleiðslu er að gera heilanum og huganum kleift að samræma sveiflutíðni sína sveiflutíðni sálarinnar, þar sem hún leitast við „í djúpri íhugun“ að hafa samband við spegilmynd sína.

Samsvörunin við þetta samband eða samstillingu sveiflutíðnanna er athyglisverð:

Sálin..... Maðurinn á efnissviðinu

Hugurinn..... Heilinn

Heilaköngullinn..... Heiladingullinn

Athyglisvert er einnig sambandið á milli orkustöðvanna og samstilling þeirra, í því má sjá ímynd þróunar alls kynstofnsins sem og þróunar einingarinnar (mannsins) innan heildarinnar.

Höfuðstöðin..... Mænurótarstöðin

Hjartastöðin..... Sólarplexus-stöðin

Hálsstöðin..... Kynorkustöðin

Í ofangreindu felst vísbending fyrir nemann sem lengra er kominn á brautinni (en það er sá nemi sem hikar við að telja sjálfan sig í þeim hópi). Tákmynd þess sjáum við einnig í sambandinu á milli hinna austrænu og vestrænu heimshluta og milli hinna miklu kerfa sanninda sem við nefnum trúarbrögð og vísindi.

Hugleiðslustarfið heldur áfram og hinn gagnkvæmi skilningur milli sálarinnar og þriggreinds tækis hennar verður stöðugt nánari, og sveiflutíðnin sem af því hlýst verður stöðugt máttugri. Hve mörg æviskeið þetta starf tekur byggist á ýmsum þáttum, sem eru of margir til að hægt sé að telja þá upp hér, en gagnlegt er fyrir nemann að íhuga þá. Lát hann lista upp þau atriði sem hann telur að hann þurfi að taka tillit til þegar hann leitast við að ákvarða stöðu sína á þróunarbrautinni.

Afleiðingin af þeirri rannsókn er sú að lægri maðurinn tekur nýja stefnu í þeim tilgangi að samstillja hina Þrjá og hinn Eina til að starf hinna Fjögurra geti haldið áfram. Í þessu er fullkomnuð spegilmyndin í smáheiminum af því sem Sólarlogosinn hóf, hin „Heilaga Fernd“ alheimsins; maðurinn að sínu leyti verður „Heilög Fernd“ — andi og þrennd raunbirtingarinnar.

Eftirfarandi fjögur orð þarf nú að íhuga:

1. Samneyti
2. Svörun

3. Stefnubreyting

4. Sameining

Skýringaritið forna tjáir þetta í eftirfarandi setningum:

„Þegar samneytið hefst eru um leið notuð orð, og mantrískt lögmál tekur sinn réttmæta sess, að því tilskyldu að hinn Eini mæli fram orðin og hinir þrír haldi þögn sinni.

„Þegar svar greinist koma frá hinum þrem, þá hlustar hinn Eini í þögn. Hlutverkum er snúið. Þrefalt orð berst frá hinu þriggreinda formi. Stefnubreyting hefur orðið. Augun líta ekki lengur heim formsins; þau beinast inn á við, stilla sig inn á ljósið, og sjá afhjúpaðan innri heim tilvistar. Með þessu móti kyrrir hugurinn sig, því augu og hugur eru eitt.

„Hjartað slær ekki lengur í takt við lágstæða þrá, né sóar kærleik sínum á þá hluti sem aðgreina og dylja raunveruleikann. Það slær í nýjum takti; það úthellir kærleik sínum yfir hið sanna, og blekkingin dofna og deyr út. Tilfinningar og hjarta eru náskyld; kærleikur og þrá mynda eina heild — annað greinist í myrkri nætur en hitt sést í ljósi dagsins. . . .

.

„Þegar eldur, kærleikur og hugur bjóða sig fram og hljóma hið þrefalda orð, þá berst svar.

„Hinn Eini mælir fram orð sem drekkir hinum þrefalda hljómi. Guð talar. Titringur og skjálfti eru viðbrögð formsins. Hið nýja kemur fram, maður endurgerður; formið byggt á ný; húsið fullbúið. Eldarnir sameinast, og mikið er ljósið sem skín; hinir þrír blandast hinum Eina og í blossanum má greina fjórfaldan eld.“

Hinir fornu vitringar fólu hugmynd í þessum myndrænu orðum sem ég hef reynt að gefa til kynna með nútíma orðalagi. Ekki er hægt að nefna neina tímasetningu um upphaf *Skýringaritsins forna* sem þessi orð eru tekin úr. Ég gæti ekki fært neinar sannanir fyrir orðum mínum, þó ég reyndi að segja ykkur aldur þess, og yrði þá að reiða mig á blinda trú ykkar — en það er nokkuð sem leitendur verða að forðast í leit sinni að hinu grundvallandi og sanna. Í ofangreindum setningum hef ég reynt að gefa ykkur meginatriðin, sem tjáð eru í *Skýringaritinu* með fáeinum táknum og torræðum texta. Þessi fornu rit eru ekki lesin á sama hátt og namar lesa bækur nú á tímum. Þau eru séð, snert og skilin. Merkingin opinberast í svipleiftri. Leyfið mér að útskýra þetta nánar: Orðin „Hinn Eini mælir fram orð sem drekkir hinum þrefalda hljómi“ eru sýnd með ljósgeisla sem endar á táknrænu orði úr gulli sem lagt er ofan á þrjú ták, svart, rósratt og grænt. Þannig er leyndardómanna vandlega gætt.

Mér fannst að nemum myndi þykja athyglisvert að fá upplýsingar um þessa fornu

handbók fullnumanna.

Athugun okkar á annarri reglunni skiptist í tvo hluta:

a. Sambandið á milli sálarinnar og persónuleikans. Fjallað verður um þetta efni einkum og sér í lagi með hliðsjón af iðkun hugleiðslu í daglega lífinu, en síður frá fræðilegu eða vísindalegu sjónarmiði.

b. Gildi orðanna, „lægra ljósinu er varpað upp.“ Þau fjalla um orkustöðvarnar og kúndalíni-eldinn.

Ég vil benda á það hér að hverjum nema er hyggilegt að fá skilning á etherlíkama sínum, og það af eftirtöldum ástæðum:

1. Etherlíkaminn er næstur í röðinni af efni heimsins sem vísindamenn og rannsakendur munu taka til athugunar. Hægt er að flýta fyrir þeirri þróun með því að hugsandi karlar og konur setji fram í orðum skynsamlegar hugmyndir varðandi þetta athyglisverða viðfangsefni. Við getum aðstoðað við opinberun sannleikans með því að hugsa skýrt, og vísindamenn munu áður en langt um líður öðlast skilning á etherískum formum eða líkómum á grunvelli yfirlýsinga sem settar hafa verið fram um etherinn.

2. Etherlíkaminn er samsettur úr orkustraumum, og í honum eru lífsorkustöðvar sem tengjast innbyrðis og við taugakerfi efnislíkamans með kraftrásum. Í gegnum þessar kraftrásir tengist hann einnig etherlíkama umhverfis-lífkerfisins. Takið eftir að í þessu felst forsendan fyrir trú á ódauðleika, lögmáli bræðralags eða einingar og sannindum stjörnuspekinnar.

3. Þeirri nauðsyn að gera sér ljóst að etherlíkaminn lífgast og er stjórnað með hugsun, og að hægt er (með hugsun) að koma honum til fullrar virkni. Það er gert með réttri hugsun en ekki með því að stunda öndunaræfingar og halda fyrir nefið. Þegar skilningur er fenginn á þessu er um leið komið í veg fyrir ástundun margra hættulegra æfinga, og fólk mun ná eðlilegri og heilbrigðri stjórn á þessu mjög svo máttuga tæki, lífsorkulíkamanum. Að þessu marki verði náð er einlæg ósk mín.

Stundun dulfræðináms er ákaflega mikilvæg, og namar þessara fræða verða að beita við það öllu sem þeir hafa yfir að ráða af hugrænni getu og einbeitri athygli. Í því felst einnig að stöðugt þarf að vinna úr þeim sannindum sem lærast.

Dulfræðinám, eins og það er skilið á vesturlöndum, felst í vitsmunalegri rannsókn en ekki hagnýtri iðkun. Fræðilega séð getur maðurinn sem leitar eftir dulfræðilegum leiðum greint smáglampa ljóss, en enn sem komið er hefur orðið lítil framför í kerfisbundinni beitingu viðkomandi lögmála.

Í hverju liggja hindranirnar? Það kann að vera gagnlegt að athuga þrennt:

1. Vestrænar hindranir á réttri ástundun dulfræðináms.
2. Hvernig hægt er að yfirvinna þessar hindranir.
3. Vissar athafnir sem neminn getur framkvæmt án áhættu til undirbúnings fyrir það að feta hinn dulfræðilega veg, því það er það næsta sem hann getur gert, og fyrir meirihlutann er

það hið eina mögulega.

Ein meginhindrunin fyrir réttum skilningi á lögmálum dulfræðinnar og hagnýtri beitingu þeirra felst í þeirri staðreynd að hinn vestræni heimur er tiltölulega ungur, og eitt megineinkenni hinnar evrópsku og amerísku menningar hefur verið mjög örar breytingar. Sögu Evrópu er aðeins hægt að rekja þrjú þúsund ár aftur í tímann og það sem við þekkjum af sögu Ameríku er varla lengra í öldum talið. Dulfræðin blómstrar best í vel undirbúnu andrúmslofti, í mjög orkumögnuðu umhverfi og við stöðugar aðstæður sem eru afleiðing af aldalöngu starfi á hugarsviðinu.

Þetta er ein ástæðan fyrir því að Inland býður upp á svo góðar aðstæður fyrir dulfræðinám og andlega viðleitni. Þar er dulfræðipekkingin tugþúsunda ára gömul, og tíminn hefur jafnvel sett sitt mark á líkamsbyggingu íbúanna og gefið þeim líkama sem veita ekki þá mótstöðu sem vestrænir líkamar gera svo oft. Umhverfið hefur um langan tíma orðið fyrir áhrifum frá sterkri sveiflutíðni hinna Máttugu sem þar dvelja. Í ferðum sínum um landið hafa þeir með nálægð sinni sífellt magnað ether umhverfisins. Þetta býður upp á aðra greiða leið, því þessi mögnun ethersins setur mark sitt á etherlíkama þeirra íbúa sem komast í snertingu við hann. Þetta tvennt, tímalengdin og hin háa sveiflutíðni, hefur orsakað þá stöðugu hrynjandi sem auðveldar dulfræðilegt starf og býður upp á kyrrlátar aðstæður fyrir mantrískar athafnir og helgisiði.

Á vesturlöndum eru slíkar aðstæður ekki til staðar, því þar verða sífelldar breytingar á öllum sviðum lífsins og vettvangur starfsins breytist oft skjótlega, en slíkt veldur víðtækum truflunum og hamlar hvers kyns starfi af dulfræðilegum toga. Orkan sem nota þarf til að ná vissum árangri er svo mikil að ekki er réttlætanlegt að beita henni. Því hefur verið beðið og tíminn látinn líða þar til stöðugleiki og jafnvægi hafa myndast.

Hástigi umbyltinganna hefur nú verið náð, og meiri stöðugleiki er smátt og smátt að festast í sessi. Það gerir það að verkum að nú er hugsanlega hægt að gera tilraun til að hefja dulfræðistarf sem skilar árangri. Meistari R. er að vinna að þessu verkefni ásamt meistara af hinum enska kynþætti, ekki þó þeim meistara sem lætur sig varða verkalýðshreyfinguna og félagslegar umbætur. Þeim til aðstoðar eru sænskur lærisveinn sem býr yfir sjaldgæfum hæfileikum og vígsluhafi frá suðurhluta Rússlands sem starfar mikið á hugræna sviðinu. Markmið þeirra er að nýta orkulindirnar, sem Nirmanakajarnir hafa byggt upp, á þann veg að niðurstreymi frá þeim geti rutt úr vegi lágstæðari efnisgerðum og veitt þar með æðri sveiflutíðni svigrúm til athafna.

Hinn mikli þroski lægri hugans kann að mynda aðra hindrun. Ég vil í þessu sambandi leggja á það áherslu að alls ekki ber að líta á þennan þroska sem dragbít. Allt hefur þetta gerst í samræmi við rás þróunarinnar, og síðar meir, þegar Austrið og Vestrið hafa öðlast betri skilning hvort á öðru og samskiptin eru orðin meiri, munu áhrif þeirra á hvort annað verða þeim báðum

til góðs; Austrið mun hagnast af hinni hugrænu örvun sem hinar sterku hugrænu sveiflur hins vestræna bróðurs veita, samhliða því mun vesturlandabúinn hagnast mikið af óhlutlægri rökvísi austurlandabúans, og með viðleitninni til að skilja það sem fyrsti kynþáttur aríska kynstofnsins náði svo auðveldlega tökum á kemst hann í snertingu við æðri huga sinn og byggir með meiri leikni brúna milli æðri og lægri hugans. Þessar tvær manngerðir þarfnast hvorrar annarrar og áhrifin sem þær hafa hvor á aðra leiðir um síðir til samfjöllunar.

Hinn lægri hluthæfi hugur er sjálfur efni í langa ritgerð, en hér nægir að benda á fáein dæmi um það á hvern hátt hann hindrar þá kynþætti sem í svo yfirgnæfandi mæli eru fulltrúar fyrir hann.

a. Með ákafri starfsemi og kraftmiklum athöfnum hindrar hann niðurstreymi andagiftar að ofan. Hann virkar eins og dökk tjöld sem útiloka hina æðri uppljómun. Aðeins með stöðugleika og óhagganlegri rósemi getur uppljómunin síast í gegnum æðri líkamana til efnisheilans og verið þannig tiltæk í hagnýtri þjónustu.

b. Viska andlegu þrenndarinnar er tiltæk persónuleikanum til afnota, en mikil starfsemi lægri hugans lokar hana úti. Þegar eldur hugans brennur of ákaft myndar hann kraftstraum sem vinnur gegn hinu æðra niðurstreymi og þrýstir lægri eldinum aftur niður í einangrun. Það er ekki fyrr en eldarnir þrír mætast, með því að koma reglu á hinn miðlæga eld hugans, að hægt er að öðlast fulla uppljómun og allur líkaminn fyllist ljósi, eldurinn að ofan — ljós þrenndarinnar, eldur lægra sjálfsins — kúndalíni — og eldur hugans — kosmískur manas — verða að mætast á altarinu. Með sameiningu þeirra verður til sá eldur sem eyðir öllum hindrunum og lausnin er fullkomnuð.

c. Með dómgreindinni, einum eiginleika hins hluthæfa huglíkama, eru lægri líkamarnir þjálfaðir í þeirri list að greina sýndarljóma frá kjarna raunveruleikans, hið raunverulega frá hinu óraunverulega og sjálfið frá því sem er ekki sjálfið. Þá fylgir í kjölfarið tímabil, sem nauðsynlegt er að sigrast á, þar sem athygli sálarinnar beinist að lægra sjálfinu og starfstækjum þess, sveiflur andlegu þrenndarinnar, lögmálin sem fjalla um stórheimslega þróun og hagnýting eldsins til afnota fyrir hið guðlega eru því tímabundið í biðstöðu. Þegar maðurinn greinir auðveldlega sannleikann í öllu sem hann kemst í snertingu við og kýs sjálfkrafa sannleikann eða það sem er raunverulegt, þá er gleði í athöfn það næsta sem hann lærir og fyrir honum opnast leið alsælunnar. Þegar svo er komið er vegur dulfræðinnar orðinn honum fær, því hinn hluthæfi hugur hefur þjónað tilgangi sínum og er orðinn þjónn hans en ekki húsbóndi, túlkandi hans og ekki lengur hindrun á leið hans.

d. Lægri hugurinn hindrar einnig á annan og óvenjulegri hátt. Neminn sem reynir að þræða hinn grýtta veg dulfræðilegrar þróunar gerir sér það ekki ljóst fyrst í stað. Þegar lægri hluthæfi hugurinn er hömlulaus og ræður algerlega öllum persónuleikanum

er nemanum ómögulegt að eiga samvinnu við önnur lífsform og aðrar mismunandi þróunarleiðir, og það hlýtur svo að vera þar til kærleikurinn nær yfirhöndinni yfir lægri huganum (jafnvel þó neminn geri sér fræðilega grein fyrir lögmálunum sem ráða þróun hinnar guðlegu áætlunar og þróunarleiðum annarra sólar-lífvera sem þróast samstiga hans eigin lífríki). Hugur aðgreinir; kærleikur sameinar. Hugurinn myndar vegg á milli mannsins og tívaþróunarinnar. Kærleikurinn brýtur niður alla vegg og sameinar ólíka hópa. Kraftmiklar sveiflur hugans eru fráhrindandi, og hann hristir af sér allt sem hann kemst í snertingu við eins og hjól sem ýtir frá sér öllu sem hindrar snúning þess. Kærleikurinn laðar allt til sín, tekur allt með sér og bræðir allar aðgreindar einingar saman í eina samfellda heild. Hugurinn hrindir frá sér í ofgnótt hita síns og sviður og brennir hvaðeina sem nálgast hann. Kærleikurinn sefar og læknað með skyldleika hita síns við hita alls sem hann snertir, og hann blandar hita sínum og loga við hita og loga annarra lífvera á þróunarbrautinni. Að síðustu, hugurinn sundrar og eyðir en kærleikurinn tengir saman og læknað.

Allar breytingar í lífi mannsins fylgja óbreytanlegu lögmáli, ef hægt er að nota svo þverstæðukennt orðalag. Í viðleitni sinni við að uppgötva þessi lögmál og hlýta þeim fer dulfræðingurinn að vinna af sér karma, og með því móti heldur hann astral-ljósínu hreinu. Nákvæm athugun á umbreytingum hinnar daglegu tilveru um langt árabíl er eina leiðin fyrir hina mörgu áhugasömu til að gera sér grein fyrir þessum lögmálum. Með því til dæmis að skoða meginviðburði lífsins á tíu ára tímabili og bera þá saman við jafn langt tímabil á undan eða eftir getur neminn lagt í stórum dráttum mat á það hvert atburðir lífsins eru að leiða hann og hagnýtt það sér til leiðbeiningar. Neminn getur náð miklum framförum í aðlögun lífsins að lögmálinu þegar hann hefur náð þeim áfanga á þróunarbrautinni að geta borið saman fyrri æviskeið og öðlast þekkingu á meginstefi síðasta æviskeiðs. Þegar hann á sama hátt getur gert sér grein fyrir komandi æviskeiðum og þekkt og skilið meginstef þeirra, þá er hann búinn að yfirvinna karmalögmálið (eins og það verkar í heimunum þrem), og fullnuminn er þá meistari yfir öllum orsökum og afleiðingum eins og þau móta og stjórna lægra starfstæki hans.

Hann sækist eftir því að feta veg dulfræðinnar og skoðar breytingar og atvik í ljósi allra fyrri atburða, og því lengra sem minni hans nær og því nákvæmara sem það er, þeim mun betur getur hann haft stjórn yfir öllum mögulegum aðstæðum.

Þannig reynast tvær hindrananna vera:

- a. Hinn tiltölulegi ungi aldur og þær miklu breytingar sem einkenna vesturlönd.
- b. Þroski lægri hugans.

Þriðja hindrunin er afleiðing hinnar síðastnefndu. Hún felst í þeirri áherslu sem lögð hefur verið á efnislega hlið lífsins á vesturlöndum. Afleiðingin af því hefur orðið þrenns konar ástand.

Í fyrsta lagi er heimur andans, eða hin formlausa óhlutlæga veröld huglægrar vitundar, ekki viðurkennd í vísindalegum skilningi. Þeir sem hafa mystíska skapgerð, og þeir sem geta rannsakað huglæga sögu manna og kynþátta, búa yfir meðfæddri skynjun á þessum andlega heimi, en vísindin viðurkenna ekki þennan þátt raunbirtingarinnar, og vísindamenn í heild sinni trúá ekki á andlega viðleitni. Nú er litið á allt það með tortryggni sem áður skipaði æðsta sessinn í lífi og hugsun þjóðanna, og allar umræður um það efni eru taldar vafasamar. En framfarir hafa þó orðið, og stríðið hefur komið miklu til leiðar. Til dæmis er spurningin „Er líf eftir dauðann?“ að breytast í það form að vera „Hvers eðlis er framhaldslífið?“ og það er fyrirboði sem veitir mikla hvatningu.

Í öðru lagi þjáist allur almenningur af bælingu og afleiðingum hömlunar. Vísindin segja að Guð sé ekki til og enginn andi innra með mannum. Trúarbrögðin segja að Guð hljóti að vera til, en hvar er hann að finna? Almennur segir: Við viljum ekki Guð sem spunninn er upp úr heilabrotum guðfræðinganna. Þar af leiðir að hinn sanni innri skilningur fær ekki tækifæri til vaxtar, og þær athafnir sem ættu að fá eðlilega útrás í æðri leit beinast að upphafningu hluta, — hluta sem varða holdið, tengjast tilfinningunum eða snerta hugann. Aftur hefur heimsstyrjöldin komið miklu til leiðar með því að skipa hlutum á sinn rétta sess, og við eignumissu hafa margir lært gildi nauðsynja og þá nauðsyn að losa sig við allt sem ofaukið er.

Þriðja ástandið skapast af hinum tveim. Réttur skilningur á framtíðinni er ekki fyrir hendi. Þegar lífi andans er afneitað og lífsbirtingin beinir allri athygli sinni að efnislegum hlutum, þá hverfur hið sanna markmið tilverunnar, hvötin til réttra lífshátta glatast og hin kaldhæðnu orð vígsluhafans Páls, „Etum og drekkum því á morgnum deyjum við“ einkenna afstöðu meirihluta manna.

Menn bæla niður innri röddina sem ber vitni um líf framtíðarinnar, og þeir drekkja orðunum sem enduróma í þögninni í hávaða og erli viðskipta, skemmtana og spennu.

Leyndarmálið að baki velgengni á braut dulfræðinnar byggist á hugrænu viðhorfi; þegar viðhorfið einkennist af harðri efnishyggju, einbeitingu að formi og löngunum eftir hlutum andartaksins, þá verða litlar framfarir í þeirri viðleitni að skilja æðri sannindi dulfræðinnar.

Fjórðu hindrunina er að finna í efnislíkama sem alinn hefur verið á kjöti, gerjaðri fæðu og drykkjum og vaxið upp í umhverfi þar sem ekki er litið á hreint loft og sólskin sem mikilsvert atriði. Með þessum orðum á ég við meirihluta almennings en ekki hinn einlæga verðandi dulfræðinema. Um langan aldur hafa vestrænir kynþættir lagt sér til munns rotnandi fæðu, sem er því í gerjunarástandi; og afleiðinguna má sjá í líkómum, sem þola ekki það álag sem dulfræðin hefur í för með sér, og hindra að ljómi lífsins hið innra geti birst hreinn og skær. Þegar fæða manna samanstendur eingöngu af ávöxtum og grænmeti, hreinu vatni, hnetum og korni, soðnu eða fersku, þá munu verða til líkamar sem hæfa sem starfstæki fyrir háþroskaðar sálir. Þær bíða þolinmóðar eftir hverfingu hjólsins og þess tímaskeiðs sem mun leyfa þeim að

uppfylla ætlunarverk sitt. Sá tími er ekki enn kominn, og starf aðlögunar og hreinsunar hlýtur ætíð að vera hægfara og þreytandi.

SIGRAST Á HINDRUNUNUM

Skilningur verður að fást á vissum meginatriðum áður en hægt er að hefjast handa við það starf að fjarlægja hindranirnar. Hann felst í eftirfarandi:

- a. Að sjá að leiðin til meiri opinberunar felst í því að sinna öllum skyldum sínum og fylgja þeim æðsta sannleika sem menn þekkja.
- b. Að sjá að mikilvægast er að þroska með sér skapstillingu og vera fús til að þola með gleði öll tímabundin óþægindi, sársauka eða þjáningar, meðvitaður um dýrð framtíðarinnar sem eyðir öllum skýjum af himni líðandi stundar.
- c. Að sjá að aðferðin til skilnings felst í samfjöllun, og gera sér ljóst, að með því að blanda saman andstæðunum er hægt að rata miðleiðina sem liggur beint að hjarta virkisins.

Þegar neminn lætur skilning á þessum þrem atriðum ráða viðhorfum sínum í lífinu getur hann, með því að leggja sig allan fram, haft von um að sigrast á umræddum fjórum hindrunum.

Við skulum nú taka aftur til athugunar aðra regluna og fjalla fyrst um samband sálar við persónu, og þá aðallega út frá sjónarmiði hugleiðslunnar. „Æðra ljósið“ er því viðfangsefni okkar nú, en síðar munum við taka til athugunar „lægra ljósið sem varpað er upp“. Það er í samræmi við það lögmál dulfræðipækkingar að byrja á hinu almenna.

Rétt er að hafa í huga að þessar reglur eiga aðeins við þá sem hafa samhæft persónuleika sinn og eru smám saman að koma huganum undir stjórn. Maðurinn notar því lægri huga sinn, rökhugann, en sálin æðri eða óhlutlæga hugann. Þau starfa því bæði með sinn hvorn hluta hins alheimslega hugræna eðlisþáttar og á þeim grundvelli byggist möguleikinn á sambandi þeirra. Verkefni mannsins er að gera huga sinn negatífan og móttækilegan fyrir áhrifum frá sálinni, og þetta er hans pósítífa viðfangsefni (takið eftir notkun orðsins 'pósítífur' í viðleitninni við að gera hugann móttækilegan, því hér er að finna vísbendingu um rétta athöfn). Starf sálarinnar í hugleiðslunni felst í því að gera brennipunkt hugleiðslunnar svo pósítífan að lægri hugurinn geti orðið fyrir áhrifum. Þannig er mögulegt að beina lægri manningnum á braut sem samræmist hinni eilífu Áætlun.

Hér höfum við aftur tengsl á milli pósítífrar og negatífrar sveiflutíðni, og athugun á þessum venslum veitir nemanum miklar upplýsingar og er hluti af upplýsingunum sem gefnar eru til undirbúnings fyrstu vígslunni. Hér má skjóta inn lista yfir þessi sambönd í röð eftir stöðunni á braut þróunarinnar.

1. Sambandið milli karlkyns og kvenkyns efnislíkama, sem kallað er kynferðislegt samband og er álitíð svo mikilvægt nú á tímum. Í dal blekkinganna beinist athyglin oft að tákmyndinni, en það sem hún stendur fyrir er gleymt. Lausn vandans varðandi þetta samband hefur í för með sér vígslu kynstofnsins, og það er einmitt þetta verkefni sem mannkynið er nú önnum kafið við að leysa.

2. Sambandið milli geðlíkama og efnislíkama, sem er hjá flestum yfirráð hins pósitífa tilfinningaeðlis yfir hinum negatífa sjálfvirka efnislíkama. Verkfæri löngunarinnar, efnislíkaminn, er undir áhrifum frá og stjórnast af löngun, — löngun eftir efnislegu lífi og löngun eftir að eignast áþreifyfanlega hluti.

3. Sambandið á milli hugans og heilans, en það er viðfangsefni þeirra manna og kynþátta sem lengra eru komnir á þroskabrautinni. Vitnisburður um mikilvægi þess sést í hinu mikla fræðslukerfi skóla, framhaldsskóla og háskóla. Miklar framfarir hafa orðið á þessu sambandi s.l. fimmtíu ár, og er starf sálfræðinnar hápunkturinn í þeirri þróun. Þegar þetta er almennt skilið verður lítið á hugann sem hinn pósitífa þátt og hina tvo þætti formsins sem undir yfirráðum hans. Þeir bregðast við fyrirmælum hugans á sjálfvirkan hátt.

4. Sambandið á milli sálar og persónu, en það er verkefni sem tekur til sín óskipta athygli hinna andlegu leitenda nú á tímum, því þeir eru brautryðjendurnir í fjölskyldu mannsins og vísa leiðina inn í heim sálarinnar. Launspekingar og dulspekingar láta sig þetta samband varða.

5. Sambandið á milli orkustöðvanna neðan þindar og ofan, eða á milli:

a. Mænurótarstöðvarinnar og þúsund blaða lótusins, höfuðstöðvarinnar. Í því verða fjögur krónublöð rótarstöðvarinnar að hinum mörgu, eða með öðrum orðum, ferndin hverfur sýnum í hinu alheimslega.

b. Kynorkustöðvarinnar og hálsstöðvarinnar. Í því birtist eining hinna tólf skapandi lífríki og ferndarinnar, og leyndardómur sextánblaða lótusins í hálsstöðinni verður ljós.

c. Sólarplexus-stöðvarinnar og hjartastöðvarinnar. Í því er tíund hins fullkomna manns í þessu sólkerfi horfin sýnum í hinni fullkomnuðu tólfund. Á sama hátt og maðurinn, sem er hin fullkomnaða fernd frá sjónarmiði formsins, nær sambandi við hin tólf skapandi lífríki (hvað hinn ytri og skapandi þátt þeirra varðar), þannig fullkomnast annar eðlisþátturinn í gegnum samband sólarplexusins og hjartans; kærleikur sálarinnar getur tjáð sig fullkomlega í gegnum tilfinningaeðlið.

6. Sambandið á milli höfuðstöðvanna tveggja, eða milli stöðvarinnar milli augabrúnanna og stöðvarinnar ofan við hvirfilinn. Þetta samband myndast og verður stöðugt þegar sál og líkami eru orðin ein starfandi heild.

7. Sambandið á milli heilaköngulsins og heiladingulsins sem afleiðing af því sem að ofan greinir.

8. Sambandið á milli æðri og lægri huga með stöðugt vaxandi sálarsambandi. Hinn andlegi maður endurtekur hugleiðingarstarf sálarinnar í líkõmunum þrem, og stöðug hugleiðing sálarinnar á sínu eigin sviði er órofin. Það er þetta og áhrif þess sem við látum okkur aðallega varða við umfjöllun þessarar reglu.

Síðar, eða eftir þriðju vígsluna, verður til samband á milli sálarinnar og mónadsins, og svo áfram á braut hinnar kosmísku þróunar birtast þessi sambönd eitt af öðru, en þau varða okkur ekki á neit enn sem komið er. Mannkynið í heild sinni er nú að vinna að því að mynda tengsl á milli sálar og líkama, og umfram það er engin þörf á fara að sinni.